

Siglingastofnun Íslands
Sigurður Sigurðarson
Vesturvör 2
200 Kópavogur

2005030046
8200; 9310

Reykjavík, 6. maí 2005
/--

Efni: Sjóvarnir við Stokkseyri, Sveitarfélaginu Árborg. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 7. janúar 2005 þar sem Skipulagsstofnun eru tilkynntar sjóvarnir við Stokkseyri frá Lóni, að Markavörðu og austur fyrir Skipar og frá enda sjóvarnargarðs til austurs í sveitarfélaginu Árborg samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Árborgar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Árborg með bréfi dags. 22. mars 2005, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 28. apríl 2005 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 15. apríl 2005. Frekari upplýsingar bárust frá Siglingastofnun með bréfi dags. 3. maí 2005.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð sjóvarnir séu liðir í vörn gegn landbroti. Um sé að ræða að hluta til nýja og að hluta til endurbyggingu samtals um 2,1 km sjóvarnar frá Lóni að Markavörðu og austur fyrir Skipar og efnispörf verði um 25.400 m³ og endurbyggingu 250 m sjóvarnar við orlofshús austast á Stokkseyri við enda sjóvarnargarðs þar sem efnispörf verði 3.000 m³. Við orlofshúsin sé hlaðinn sjógarður sem þurfi að halda við og að um varðveislu menningarminja sé að ræða. Fram kemur að verkkaupi muni ekki útvega námurétt en opin grjótnáma sé í landi Hrauns í Ölfusi.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Sveitarfélagsins Árborgar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé talið að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á útivist, lífríki og landslag. Umhverfisstofnun bendir á nauðsyn þess að aðgengi fólks að fjörunni verði tryggt. Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhugaðar sjóvarnir séu ýmist á fjörukambi eða ofan fjörunnar og að hluta til viðbót við núverandi sjógarða. Áhrif á fjöruna séu bundin við efsta hluta sandfjörunnar og ekki sé talið að framkvæmdin hafi áhrif á sjávarfitjar eða lífríki þangfjörunnar. Umhverfisstofnun bendir einnig á að fyrirhugaðar sjóvarnir séu á svæði sem er á náttúruminjaskrá og telur stofnunin að halda eigi raski í lágmarki og leggja ætti áherslu á að sjóvarnir falli eins vel og kostur er að landi.

Sveitarfélagið Árborg bendir á að gætt verði að því að sjóvörnin falli vel að fjörolandslagi og að fjörun á náttúruminjaskrá verði verndaðar.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að leitast verði við að koma til móts við sjónarmið Umhverfisstofnunar.

Áhrif á menningarminjar. Sveitarfélagið Árborg bendir á að á nokkrum stöðum sé um að ræða gerð sjóvarnargarða til að verja menningarminjar, m.a. eldri hlaðna sjóvarnargarða.

Fornleifavernd ríkisins bendir á að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé þjóðvegurinn rétt ofan við fjörubakkann og þar á milli séu gamlir sjóvarnargarðar sem í 3 m - 50 m fjarlægð frá veginum. Talið sé nauðsynlegt að framkvæmdaraðili hafi samráð við Fornleifavernd ríkisins áður en framkvæmdir hefjast við fyrirhugaðar sjóvarnir.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða sjóvarnir við Stokkseyri í Sveitarfélaginu Árborg. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd tekur til afmarkaðs svæðis og eru að mestu ofan fjöruborðs. Sjóvarnir eru fyrirhugaðar á svæði sem er á náttúruminjaskrá vegna fjölskrúðugra fjara, sjávarfitja og lóna og sérstæðs lífríkis. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að raski verði haldið í lágmarki við framkvæmdirnar, að sjóvarnir falli vel að landi og að aðgengi fólks að fjörunni verði tryggt. Ennfremur telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að samráð verði haft við Fornleifavernd ríkisins áður en framkvæmdir hefjast við fyrirhugaðar sjóvarnir vegna mögulegs rasks á gömlum sjóvarnargarðum. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin hafi óveruleg umhverfisáhrif í för með sér.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Siglingastofnunar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Siglingastofnunar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjóvarnir við Stokkseyri í sSveitarfélaginu Árborg séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi S veitarfélagsins Árborgar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Leita

þarf umsagnar Umhverfisstofnunar skv. 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Framkvæmdin er í samræmi við staðfest Aðalskipulag Stokkseyrar 1996-2016.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. júní 2005.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Sveitarfélagið Árborg, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun.